

AUGLÝSING

um innheimtu sérstaks gjalds af gjaldeyrissölu bankanna.

Í 10. gr. laga um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. nr. 30 25. maí 1960, sbr. lög nr. 92 22. desember 1965, er heimiluð innheimta á allt að 0.5% gjaldi af allri gjaldeyrissölu bankanna. Með stoð í heimild þessari hefur viðskiptamála-ráðuneytið ákveðið, að bankarnir skuli frá 1. janúar 1966 innheimta fyrir hönd ríkissjóðs 0.5% gjald af andvirði alls selds gjaldeyris að undanskildum náms-gjaldeyri.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. desember 1965.

Pórhallur Ásgeirsson.

Halldór Jónatansson.

31. desember 1965.

Nr. 229.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960, um ökukennslu,
próf ökumanna o. fl.

1. gr.

52. gr. orðist svo:

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu vera:

A. Prófgjöld.

1. Almennt bifreiðastjórapróf	kr. 200.00
2. Bifhjólapróf	— 150.00
3. Próf skv. 38. gr. (reiðhjól með hjálparvél)	— 50.00
4. Próf skv. 39. gr. (dráttarvél)	— 100.00
5. Ökukennarapróf	— 750.00

B. Skírteinagjöld.

1. Leyfisbréf til ökukennslu	kr. 200.00
2. Ökuskríteini bifreiðastjóra	— 100.00
3. Skírteini til aksturs bifhjóls	— 75.00
4. Leyfi til að stýra reiðhjóli með hjálparvél	— 50.00
5. Leyfi til að stýra dráttarvél	— 50.00

Um gjöld fyrir endurnýjun skírteina fer samkvæmt B-lið 1.—5.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast gildi 1. janúar 1966.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. desember 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.